

Fréttabréf Mílu

1. tbl. Júní 2007

Kjarnastarfsemi Mílu ehf er að byggja upp og reka fullkornasta fjarskiptanet á Íslandi. Önnur fjarskiptafyrirtæki tengjast þessu neti í gegnum mismunandi lausnir. Hlutverk Mílu ehf er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi. Míla ehf sérhæfir sig m.a. í rekstri og ráðgjöf vegna fjarskiptakerfa, aðstöðuleigu fyrir upplýsingatækni og annarri þjónustu við dreifikerfi.



Víraðasta partí ársins

Míla ehf hélt víraðasta partí ársins í Ásmundarsafni 24. maí síðastliðinn. Stórsveit Samma sá um stemninguna eins og henni einni er lagið og var boðið upp á frábært hlaðborð og drykkjarföng. Þetta er fyrsta partíið sem Míla heldur fyrir viðskiptavinum og samstarfsaðila og var tilgangur þess að vekja athygli á nýju og breyttu starfsumhverfi Mílu í kjölfar aðskilnaðarins við Símann. Á meðal 200 gesta var nýr samgönguráðherra, Kristján Möller, ásamt ráðuneytisstjóra sínum Ragnhildi Hjaltadóttur. Viðskiptavinir og samstarfsaðilar hafa látið í ljós mikla ánægju með þetta framtak sem verður áreiðanlega endurtekið áður en langt um líður.



3G - þriðja kynslóð farsímakerfa

Uppsetning á þriðju kynslóð farsímakerfa er eitt af stærstu verkefnum Mílu í dag. Þetta verkefni er unnið fyrir Símann og er stjórnandi þess Guðjón Sigurðsson hjá Mílu.

Guðjón segir að í byrjun hafi verið lagt upp með að búnaður yrði settur upp á 100 stöðum á höfuðborgarsvæðinu en þegar byrjað var að koma honum upp og prófa, kom í ljós að sumar staðsetningar trufluðu aðra GSM staði. Þess vegna var farið í að kanna möguleika á nýjum staðsetningum fyrir ákveðnar stöðvar.

Að sögn Guðjóns þarf í flestum tilfellum að leggja nýjar lagnir innandyra, fjölga ljóssamböndum og færa lagnir upp í rjáfur húsa. Þetta getur í sumum tilfellum verið þó nokkuð snúið þar sem dæmi eru um að koma þurfi upp lögnum um 11 hæða lyftugöng í húsum og á sama tíma uppfylla öryggisstaðla sem fylgir því að mega fara með lagnir þar í gegn. Þetta lýsir vel hvernig aðstæður eru misjafnar og oft á tíðum erfiðar á þeim stöðum sem valdir hafa verið fyrir búnaðinn. Örlítil seinkun hefur verið á verkefninu þar sem aðdragandinn var mjög stuttur og ekki hægt að gera ráðstafanir varðandi pöntun á lagnaefni. Einnig þurfti að mennta mannskap þar sem notað er nýtt efni sem snýr að inntakssösum og tengigrindum fyrir ljós. Verkefnið er þó á áætlun í dag.

Tetra – nýtt og fullkomið fjarskiptakerfi

Tetra er nýtt og fullkomið fjarskiptakerfi fyrir öryggis- og neyðarþjónustu um allt land. Uppsetning fyrstu tveggja áfanga þessa kerfis hefur verið í höndum Mílu ehf undir stjórn Jóhanns Styrmis Sophussonar deildarstjóra á rekstrarsviði.

Jóhann segir að í upphafi hafi verið gengið út frá því að Míla myndi sjá um að setja upp alla 112 senda þessara fyrstu tveggja áfanga. Þegar á verkið leið breyttist það hins vegar og nú lítur út fyrir að heildarfjöldi uppsetninga verði í kringum 90 þar sem Neyðarlínan hefur sjálf sett upp 20 senda. Jóhann segir að verkefnið hafi farið af stað mánuði seinna en áætlað var og einnig varð vikutöf í apríl vegna veðurs. „Prátt fyrir þetta tókst okkar mönnum að standast áætlun þegar kerfið var gangsett 3. maí sl. Í byrjun voru tvö teymi að störfum í Reykjavík en seinna komu svo að verkefninu aðilar frá Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum og aðstoðuðu við uppsetningar á sínum svæðum. Hýsing á búnaði Tetra hefur verið í húsnæði ýmissa aðila s.s. Símans, Vodafone og RÚV en einnig hefur Neyðarlínan sett upp hýsingarskúra,“ segir Jóhann. Hann kveðst ánægður með sína menn og er bjartsýnn á að þeim takist að standa við áætlun verklok þessara tveggja áfanga sem eru í lok september.

Formlega var Tetra kerfið kynnt á blaðamannafundi í Skógarhlíð þann 3. maí síðastliðinn þegar það var gangsett. Í dag sér Neyðarlínan 70 senda í sínum kerfum og eru menn þar mjög ánægðir með skilyrðin og segja virkna fara fram úr björtustu vonum. Búið er að setja upp 13 senda í viðbót sem koma fljótlega inn.

